



## Erindisbréf fyrir deildarstjóra við grunnskóla Akureyrar

1. gr. Deildarstjóri, sem ráðinn er til starfa í grunnskólum Akureyrar, skal gegna því samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámsskrá grunnskóla, erindisbréfi, kjarasamningum og starfsmannastefnu Akureyrarbæjar.  
Skólastjóri ræður deildarstjóra að fenginni umsögn kennararáðs og í samræmi við gildandi samþykkt bæjarstjórnar um ráðningarferli í grunnskólunum.  
Ráðning skal vera í samræmi við lög nr. 66/1995 um grunnskóla, lög nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og lög nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.
2. gr. Deildarstjóri er að öðru jöfnu ráðinn úr hópi kennara skólans og lýtur erindisbréfi fyrir kennara eftir því sem við á. Næsti yfirmaður deildarstjóra er aðstoðarskólastjóri.
3. gr. Deildarstjóri er hluti af stjórnunarteymi skólans og er tengiliður kennara við skólastjórnendur. Hann vinnur að mótun skólanámsskrár, þróunaráætlunar, endurmenntunarstefnu og sjálfsmatsáætlun skólans og stuðlar að virkri þátttöku kennara eftir tilefni hverju sinni.
4. gr. Deildarstjóri hefur forystu í faglegu starfi í viðkomandi deild og fylgist, ásamt kennurum, með að unnið sé í samræmi við sett markmið aðalnámsskrár og skólanámsskrár. Deildarstjóra ber að kynna sér eftir föngum nýjungar á sviði kennslu og kennslugagna og vera leiðandi í faglegri umræðu innan deildarinnar.
5. gr. Deildarstjóri fylgist með gerð kennsluáætlana og leitast við að tryggja að þær séu í samræmi við aldur, eðli og þarfir nemenda og stuðli að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.
6. gr. Deildarstjóri kallar saman deildarfundi með dagskrá og stýrir fundum. Deildarfundi skal halda að jafnaði tvisvar í mánuði.
7. gr. Deildarstjóri skipuleggur fyrirkomulag námsmats í samráði við aðstoðarskólastjóra.
9. gr. Deildarstjóri fylgist með framförum og árangri nemenda eftir mætti. Hann skal gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og er bundinn þagnarskyldu sem helst þótt látið sé af starfi.
10. gr. Deildarstjóri tekur á agavandamálum sem upp koma í samvinnu við kennara og foreldra. Ef ekki tekst að leysa mál er því skotið til aðstoðarskólastjóra.
11. gr. Telji deildarstjóri að kennari hafi gerst brotlegur í starfi skal hann þegar gera skólastjóra viðvart.
12. gr. Deildarstjóri sinnir öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fela honum, enda samrýmist þau starfssviði hans. Kjósi skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri/deildarstjórar að viðhafa aðra skiptingu hlutverka sín í milli en erindisbréfið kveður á um, skal það kynnt starfsmönnum skólans, nemendum, foreldrum og skólanefnd.
13. gr. Erindisbréf þetta er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.